

Árið 2020, föstudaginn 12. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er af Ragnheiði Thorlacius héraðsdómara, að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-547/2019:

Ákærvaldið

(*Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari*)

gegn

X

(*Þormóður Skorri Steingrímsson lögmaður*)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 31. október 2019, og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 27. maí sl., er höfðað með ákæru útgefinni af héraðssaksóknara þann 1. október 2019, á hendur X, „fyrir brot í opinberu starfi, með því að hafa að kvöldi miðvikudagsins 22. maí 2019 látið hjá líða, er hann var að störfum sem lögreglumaður við leit í húsnæði að A, að leggja hald á kannabisblandaðan vökva sem var í potti á eldavél og fyrir að hafa ekki sinnt skyldum sínum sem lögreglumaður til að framkvæma frekari leit að ávana- og fíkniefnum í húsnæðinu og leggja hald á samtals 1.879,61 gramm af kannabisefnum og 1,700 millilítra af kannabisblönduðum vökva er þar var, en við leit annarra lögreglumanna daginn eftir fundust þessi ávana- og fíkniefni en efnin höfðu einnig verið í húsnæðinu þann 22. maí. Með háttsemi sinni gerðist ákærði sekur um stórfellda vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu.

Telst þetta varða við 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærvaldið gerir þær kröfur sem í ákæru greinir.

Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara vægustu refsingar.

Þá krefst verjandi ákærða málskostnaðar og að hann verði greiddur úr ríkissjóði að mati dómsins.

Málavextir

Upphaf þessa máls, mál héraðssaksóknara nr. 300-2019-000[...], má samkvæmt gögnum málsins rekja til máls lögreglunnar [...] nr. [...], sem skráð var í dagbók lögreglu

lengri að kvöldi 20. maí 2019. Samkvæmt því skjali mun ákærði í máli þessu hafa sinnt framangreindu máli og eru afskipti lögreglu af málinu bókuð í dagbók lögreglu lengri aðfaranótt 21. maí sama ár. Samkvæmt gögnum málsins mun ákærði aftur hafa sinnt áðurnefndu máli þann 22. sama mánaðar og þá ásamt B lögreglumanni, þ.e. farið að heimili C að A. Gögn málsins bera ekki með sér að framangreind afskipti hafi verið bókuð í kerfi lögreglu. Fyrir liggur að umrætt sinn hafi ákærði og áðurnefnd B fundið kannabislykt berast frá heimili C og þau því með samþykki húsráðanda farið inn á heimilið. Þeim afskiptum er lýst í svokallaðri „atvikaskýrsla að beiðni [...]“, sem er meðal gagna málsins. Skýrslan er ódagsett en undirrituð af áðurnefndri B Umrædd skýrsla mun, samkvæmt upplýsingum varahéraðssaksóknara, hafa fylgt með bréfi lögreglustjórans [...] til héraðssaksóknara í byrjun júní 2019. Í atvikaskýrslu B kemur meðal annars fram að húsráðandi, C, hafi upplýst að hann væri að sjóða afklippur af kannabis til að búa til olúu. Þá segir í skýrslunni: „*Inni í eldhúsinu mátti sjá lítinn stálpott, með fremur miklu magni af soðnum kannabisafklippum. Á vaskinum var glær matarskál með mauksoðnum kannabisafklippum. [...] Ég fór í svefnherbergi og var þar ekkert saknæmt að sjá. Inni í stofunni var hvít fata, örugglega tíu lítra, rúmlega hálf af afklippum kannabislaufum sem C kvaðst vera búinn að sigta frá og var að undirbúa til að sjóða. Einnig var svartur ruslapoki á gólfinu með einhverskonar afklippum en ég kíkti ekki í þann poka þar sem [...] [ákærði, innskot dómara] skoðaði í hann, ég veit því ekki hversu mikið magn var í honum. Við fengum að leita á heimilinu hans, í geymslu úti og kofa sem stendur í garðinum og fundum við ekkert sem vakti athygli okkar.*“ Þá segir í skýrslunni að þau, þ.e. ákærði og skýrsluritari, hafi farið af vettvangi án þess að aðhafast eitthvað frekar varðandi kannabisefnin og hafi ákærði tekið þá ákvörðun. Einnig hafi ákærði beðið skýrsluritara að ræða ekki þá niðurstöðu hans að leggja ekki hald á umrædd efni við aðra lögreglumenn. Þá er í atvikaskýrslunni einnig gerð grein fyrir ferð skýrslurita og D varðstjóra á heimili vitnisins C daginn eftir, sbr. mál lögreglunnar [...] nr. [...]. Segir að þau hafi fundið megna kannabislykt frá heimili vitnisins og í framhaldinu hafi þau farið inn í húsið, hitt þar húsráðanda og lagt hald á fíkniefni.

Meðal gagna máls þessa eru gögn úr áðurnefndu máli lögreglunnar [...] nr. [...]. Í fyrsta lagi frumskýrsla lögreglu, undirrituð af D varðstjóra. Í öðru lagi sjö ljósmyndir, sex teknar af ætluðum fíkniefnum í bílskúr lögreglu og ein mynd tekin í A. Við mynd 1 er eftirfarandi skýringartexti: „*Ljósmynd tekin af eldavél A. Þar má sjá hvar verið var að sjóða kannabisvökvann.*“ Við mynd 2 er eftirfarandi skýringatexti: „*Ljósmynd tekin í bílskúr lögreglunnar af efnum sem fundust í hvítri fötu á gólfi í stofu A. (Innsigli snúmer L21132)*“ Við mynd 3 er eftirfarandi skýringatexti: „*Ljósmynd tekin í bílskúr lögreglunnar af efnum sem*

fundust í brúnum bréfpoka á gólfi í stofu A. (Innsiglisnúmer L21133)“ Við mynd 4 er eftirfarandi skýringatexti: „*Ljósmynd tekin í bílskúr lögreglunnar af efnum sem fundust í hvítri fötu á gólfi í stofu A. (Innsiglisnúmer L21134)*“ Við mynd 5 er eftirfarandi skýringartexti: „*Ljósmynd tekin í bílskúr lögreglunnar af efnum sem fundust í appelsínugulum plast bala á gólfi í stofu í A. (Innsiglisnúmer L21135)*“ Við mynd 6 er eftirfarandi skýringatexti: „*Ljósmynd tekin í bílskúr lögreglunnar af vökva sem fannst í eldhúsi A. (Innsiglisnúmer L21136)*“ Við mynd 7 er eftirfarandi skýringatexti: „*Ljósmynd tekin í bílskúr lögreglunnar af efnum sem fundust í A*“ Í þriðja lagi rannsóknarbeiðni til tæknideildar, í fjórða lagi efnaskýrsla og í fimmta lagi matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnifræði Háskóla Íslands, dags. 7. júní 2019.

Í frumskýrslu lögreglu í máli nr. nr. [...] kemur fram að þann 23. maí 2019 hafi verið lagt hald á ætluð fíkniefni á heimili C. Þar segir: „*C vísaði okkur beint á fötur og poka sem innihéldu þurrkuð kannabisefni á gólfi í stofu þar sem hann hafi setið (raðnúmer innsigla: L21132, L21133, L21134, L21135) Jafnframt vísaði hann okkur á brúnan vökva í eldhúsi, sem hann kvaðst vera að vinna cbd olíu úr, en vökvinn væri unninn úr kannabislaufum og afskorningum af kannabisplöntum (raðnúmer innsiglis: L21136). [...] Hann hellti jafnframt brúna vökvanum sem var á eldavél í potti og eldföstu móti og glerkrukku, yfir í plastflösku, svo við myndum ekki taka pottinn og eldfasta mótið.*“ Í áðurnefndri efnaskýrslu málsins er gerð grein fyrir tegund hinna haldlögðu efna, fundarstað og magni. Þá er í áðurnefndri matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á efnissýnunum sem voru merkt 1,2,3,4 og 5, eins og nánar er rakið hér á eftir. Rétt þykir að gera grein fyrir niðurstöðum í framangreindri matsgerð þar sem í ákæru í máli þessu er vísað til tegundar og magns áðurnefndra fíkniefna. Annars vegar þeirra 1.700 millilíttra af kannabisblönduðum vökva sem ákærða er gefið að sök að hafa ekki lagt hald á, og hins vegar þeirra 1.879,61 gramma af kannabisefnum sem ákærða er gefið að sök að hafa ekki framkvæmt frekari leit að og lagt hald á:

Nr. 1 Maríhúana – Kannabisefni, fínmulíð efni, fundið á gólfi í stofu, 11,17 grömm að þyngd. Samkvæmt matsgerð var efnasýni nr. 1 „[...] *grænt duft 1,245 g að þyngd. Með smásjáskoðun gasgreiningar á súlu og massagreiningu fannst að sýnið var kannabis. Magn tetrahýdrókannabínóls í sýninu var 117 mg/g.*“

Nr. 2 Maríhúana – Kannabisefni, lauf og skunkar, fínmulíð, fundið á gólfi í stofu, 730,84 grömm að þyngd. Samkvæmt matsgerð var efnasýni nr. 2 „[...] *grænt mulíð plöntuefni, 1,078 g að þyngd. Með smásjáskoðun gasgreiningar á súlu og massagreiningu fannst að sýnið var kannabis. Magn tetrahýdrókannabínóls í sýninu var 38 mg/g.*“

Nr. 3 Maríhúana – Kannabisefni, lauf og skunkar, fínmulið, fundið á gólfi í stofu, 562,30 grömm að þyngd. Samkvæmt matsgerð var efnasýni nr. 3 „[...] grænt mulið plöntuefni, 1,053 g að þyngd. Með smásjáskoðun gasgreiningar á súlu og massagreiningu fannst að sýnið var kannabis. Magn tetrahýdrókannabínóls í sýninu var 40 mg/g.“

Nr. 4 Kannabislauf – Kannabisefni, skrælnuð lauf og mulningur, fundið á gólfi í stofu, 575,30 grömm að þyngd. Samkvæmt matsgerð var efnasýni nr. 4 „[...] grænt mulið plöntuefni, 1,528 g að þyngd. Með smásjáskoðun gasgreiningar á súlu og massagreiningu fannst að sýnið var kannabis. Magn tetrahýdrókannabínóls í sýninu var 25 mg/g.“

Nr. 5 Kannabisblandaður vökvi – Kannabisefni, brúnn vökvi í flösku, fundarstaður eldhús, borðstofa – eldavél, 1.700,00 millilítrar. Samkvæmt matsgerð var efnasýni nr. 5 „[...] 97 ml (97,30 g) af grænbrúnum, ótærum vökva. Með gasgreiningu á súlu og massagreiningu fannst að sýnið innihélt tetrahýdrókannabínól. Magn tetrahýdrókannabínóls í sýninu var <,1 mg/g.“

Meðal gagna málsins er einnig svokölluð „Atvikaskýrsla, umbeðið af [...] aðalvarðstjóra“, ódagsett og undirrituð af D varðstjóra, þar sem skýrsluritari gerir meðal annars grein fyrir samskiptum hans og B lögreglumanns þann 23. maí 2019.

Þá liggur frammi í málinu dagbók lengri í máli lögreglunnar [...] nr. [...] vegna leitar sem fram fór þann 29. júní 2019 á heimili C að A. Þar segir: „Þegar komið var að dyrunum [A 1, innskot dómara] mátti finna væga en þunga kannabislykt. C heimilaði okkur því að leita á heimilinu hans. Meint fíkniefni fundust, afklippur í svörtum ruslapoka, tveir ziplock pokar með meintu kannabisefni og box með mulnu [sic] kannabisefni, einnig fannst krukka með meintri lítilli kannabisgrein.“ Einnig liggja frammi í máli þessu tólf ljósmyndir teknar innan dyra að A, þ.e. í tengslum við framangreint mál lögreglu nr. [...], meðal annars tvær ljósmyndir sem sýnir hluta af stofu í [...] frá mismunandi sjónarhorni og ljósmynd tekin í eldhúsi íbúðarinnar.

Auk ákærðu gáfu skýrslur við aðalmeðferð málsins vitnin B lögreglumaður og D varðstjóri og húsráðandi að [...], vitnið C. Framburður ákærða og vitna verður ekki rakinn, en vikið að honum í niðurstöðukafla að því leyti sem þörf krefur til úrlausnar málsins.

Forsendur og niðurstæða

Ákærða er gefin að sök stórfelld vanræksla eða hirðuleysi í starfi sínu sem lögreglumaður að kvöldi 22. maí 2019 við leit í húsnæði að A með því í fyrsta lagi að hafa látið hjá líða að leggja hald á kannabisblandaðan vökva sem var í potti á eldavél. Er á því byggt í

ákæru að umrædd fíkniefni, 1.700 millilítrar af kannabisblönduðum vökva, hafi verið í húsnæðinu sólarhring síðar, þ.e. að kvöldi 23. maí 2019.

Rétt þykir að gera grein fyrir því sem fyrir liggur í máli þessu um aðstæður til leitar í húsnæðinu að A þann 22. maí 2019. Hluti rannsóknargagna máls þessa er, eins og áður greinir, atvikaskýrsla vitnisins B lögreglumanns. Þar segir: „Við fengum að skoða heimilið hjá C, sem var fremur erfitt þar sem það sást varla í gólfíð fyrir allskyns drasli.“ Fyrir dómi kvað ákærði drasl hafa verið út um allt í húsnæðinu og legið hafi við að ekki hafi verið hægt að ganga þar um gólf. Þarna hafi verið drulla og skítur, eins og aldrei hafi verið tekið þar til og að sjá sem húsráðandi hafi sankað að sér alls konar drasli. Fyrir dómi var ákærða sýnd ljósmynd sem tekin var í stofunni að A í tengslum við leit lögreglu að fíkniefnum hjá húsráðanda 29. júní 2019, sbr. mál lögreglu nr. [...] Aðspurður hvort húsnæðið hafi litið út með svipuðum hætti þann 22. maí sama ár, kvað ákærði svo hafa verið. Aðspurður hvort það hafi verið svona mikið drasl er hann var í húsinu svaraði ákærði, „Já alveg klárlega, ef ekki meira. Mun meira þegar við komum.“ Vitninu B voru fyrir dómi sýndar tvær ljósmyndir teknar í stofunni að A áður nefndan dag í júní. Aðspurt hvort ástand innan dyra í stofunni þann 22. maí 2019 hafi verið í svipuðum hætti og sjá má á myndunum frá 29. júní sama ár, svarað vitnið „já, ekkert ólíkt því.“ Í framburði vitnisins D fyrir dómi kom fram að í íbúðinni hafi verið „ofboðslega mikið drasl“ er hann stjórnaði leit í húsnæðinu að kvöldi 23. maí 2019. Þá voru vitninu sýndar sömu myndir og vitninu B. Tók vitnið fram að hann gæti ekki bent á ákveðna hluti en það hafi verið mikið drasl um alla íbúð, „allt hafi verið á rú og stúi.“ Vitninu C voru fyrir dómi sýndar sömu ljósmyndir og áður nefndum vitnum sem og ljósmynd tekin í eldhúsi á heimili hans 29. júní 2019 og hann inntur eftir því hvort svipað hafi verið umhorfs í íbúð hans 22. maí 2019. Kvað vitnið svo hafa verið, „allt í drasli og út um allt.“

Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa farið að A umrætt kvöld ásamt vaktfélaga sínum, lögreglumanninum og vitninu B. Kvaðst hann, er hann hafi rætt við húsráðanda, þ.e. vitnið C hafa fundið kannabislykt. Hafi húsráðandi greint frá því að hann væri að búa til svokallaða cbd-olíu. Í framhaldinu hafi húsráðandi samþykkt að ákærði og vitnið B fengju að skoða sig um inni í húsinu. Hafi húsráðandi fylgt þeim í eldhúsið og sýnt þeim lítinn pott á hellu sem hann hafi verið að sjóða olíuna í. Kvaðst ákærði áætla að í pottinum hafi verið 3-500 millilítrar af „gruggugu skítugu vatni“ eins og ákærði orðaði það. Aðspurður hafi húsráðandi sagt að í pottinum væri afgangur kannabiskurl og mulningur sem hann hafi notað til að búa til áðurgreinda olíu. Vitnið og lögreglumaðurinn B lýsti aðdraganda málsins með sama hætti og ákærði fyrir dómi. Þegar þau hafi komið að A hafi þau fundið kannabislykt og húsráðandi greint þeim frá því að hann væri að sjóða cbd-olíu. Inni í eldhúsi hafi verið stálpottur á hellu, eiginlega

fullur af kannabisafklippum sem húsráðandi hafi verið að sjóða, og hafi afklippurnar verið sýnilegar ofan í pottinum. Við hliðina hafi verið glær glerskál sem í hafi verið mauksóðið kannabis. Aðspurð hvort hún gæti tjáð sig magn vökvans í eldhúsinu þann 22. maí 2019 svaraði vitnið því neitandi og tók fram að um hafi verið að ræða mauk, ekki vökvaform, og hafi stálpotturinn, sem hafi verið sósupottur með handfangi, verið „*alveg þokkalega fullur*“, eins og vitnið orðaði það. Kvöldið eftir, þ.e. þann 23. maí, hafi efnin í eldhúsinu hins vegar ekki verið mauk, eins og þau hafi verið kvöldið áður þegar hún hafi verið þar ásamt ákærða. Fyrir dómi kvaðst vitnið og húsráðandinn C hafa verið að reyna að búa til cbd-olíu úr ónýtu grasrusli sem hann hafi fengið gefins en olúna hafi hann notað í dropatali vegna bakverkja. Af framburði vitnisins fyrir dómi var ekki annað ráðið en öll þau fíkniefni sem verið hafi á heimili hans að kvöldi 22. maí 2019 hafi einnig verið á heimili hans að kvöldi 23. sama mánaðar. Þá kom fram hjá vitninu að enn hafi verið eftir af upprunalegu fíkniefnunum þegar lögregla hafi gert hjá honum húsleit síðari hluta júnímánaðar sama ár og kvað vitnið lögreglu hafi greinilega ekki hafa tekið öll efnin í húsleitinni 23. maí 2019. Sérstaklega aðspurt hvort efnin í eldhúsinu 22. maí 2019 hafa verið með sama hætti er lögregla kom á heimili hans kvöldið eftir, þ.e. þann 23. maí, kvað vitnið svo hafa verið. Orðrétt svaraði vitnið spurningu ákærvaldsins um það hvort hann hafi verið búinn að gera eitthvað við pottinn þegar lögregla kom á heimili hans þann 23. maí 2019 með eftirfarandi hætti: „*Nei, ég var ekki búinn að hreyfa neitt við þessu, það var nákvæmlega eins og það var.*“ Aðspurður hvort hann hafi verið búinn að sigta það sem í pottinum hafi verið svaraði vitnið: „*nei, ekki neitt.*“ Lögreglumaðurinn og vitnið D, sem lagði hald á fíkniefni á heimili húsráðanda um sólarhring síðar, lýsti atvikum þannig fyrir dómi. Kvað vitnið allt hafa verið í drasli í eldhúsinu en þar hafi verið vökvi sem húsráðandi hafi bent lögreglu á. Um hafi verið að ræða brúnleitan vökva annars vegar í potti á eldavél og hins vegar í eldföstu móti við hliðina á pottinum. Kom fram hjá vitninu að húsráðandi hafi séð um að hella vökvanum sem hafi verið í pottinum og eldfasta mótinu í tveggja lítra plastflösku enda hefði verið erfitt að flytja efnin í opnum ílátum. Kvað vitnið vökvann hafa verið eins og „*drullugt vatn, ekki hafi verið um að ræða mauk eða svoleiðis*“.

Í öðru lagi er ákærða gefin að sök stórfelld vanræksla eða hirðuleysi í starfi sínu sem lögreglumaður að kvöldi 22. maí 2019 við leit í húsnaði að A með því að hafa ekki sinnt skyldum sínum til að framkvæma frekari leit að ávana- og fíkniefnum í húsnaðinu og leggja hald á samtals 1.879,61 grömm af kannabisefnum. Er á því byggt í ákæru að umrædd fíkniefni hafi verið í húsnaðinu sólarhring síðar, þ.e. að kvöld 23. maí 2019.

Fyrir dómi kvaðst ákærði, eftir að hafa rætt við húsráðanda, vitnið C, um áðurnefnda cbd-olíugerð, hafa innt hann eftir því hvort um frekari efni væri að ræða í íbúðinni en

húsráðandi svarað því neitandi, nánar tiltekið hafi húsráðandi sagt að restin hafi farið í pottinn. Vitnið B kvaðst fyrir dómi ekki muna hvort vitnið C hafi verið inntur eftir því hvort frekari efni væru í húsinu. Aðspurð hvort hún hafi á þessum tímapunkti heyrt húsráðanda greina frá því að eingöngu hafi verið um að ræða fíkniefni þau sem í pottinum hafi verið, kvaðst vitnið ekki muna það. Vitnið tók fram að ef svo hefði verið teldi hún að það hefði hún heyrt. Vitnið C kvaðst ekki reka minni til þess að rætt hafi verið um magn þeirra fíkniefna sem hann hafi fengið, hann hafi greint frá því að hafa fengið þetta „*drasl*“ sem hann væri að sjóða en umræða um þetta hafi ekki verið dýpri, þ.e. hvað magn varðaði. Er vitninu var kynntur framangreindur framburður ákærða, þ.e. að vitnið hafi sagt að einu efnin í húsinu hafi verið í pottinum svaraði vitnið C orðarétt: „*Já, já, okey það getur, ég þori ekki að, mig rekur ekki minni til þess hvort það var, en það getur svo sem vel verið að ég hafi gert það, ég get ekki alveg staðfest það.*“

Í framburði ákærða fyrir dómi kom fram að þrátt fyrir upplýsingar vitnisins C þess efnis að ekki væri um frekari fíkniefni að ræða, hafi ákærði spurt vitnið hvort þau mættu kíkja yfir íbúðina. Vitnið C hafi samþykkt það og kvað ákærði þau í framhaldinu hafa leitað að fíkniefnum í húsinu. Kvaðst ákærði hafa leitað í stofunni, í skápum, skúffum, hirslu, kössum og boxum á borði. Einnig hafi hann farið inni í svefnherbergi og kíkt þar undir dýnu, undir og bak við rúm og inn í skápa. Mundi ákærði ekki hvað vitnið B hafi verið að gera á meðan en ákærði taldi að hún hafi kíkt eitthvað yfir stofuna. Kvaðst ákærði hafa leitað vel, leitað af sér allan grun, og engin frekari fíkniefni séð. Vitnið B kvaðst hafa farið inn í svefnherbergi til leitar eftir viðveru í eldhúsinu en ekkert séð þar sem vakið hafi athygli hennar.

Í máli þessu er á því byggt af hálfu ákæruvaldsins að þegar ákærði ásamt vitninu og lögreglumanninum B hafi farið inn á heimili vitnisins C að kvöldi 22. maí 2019 hafi auk hinnar umræddu cbd-olíu verið 1.879,61 grömm af kannabisefnum í húsinu. Framangreindu til staðfestu er til þess vísað í ákæru að þessi fíkniefni hafi fundist við leit annarra lögreglumanna í húsnæðinu daginn eftir, eða þann 23. maí sama ár. Fyrir liggur að það voru vitnin D varðstjóri og áðurnefnd B, sem lögðu hald á framangreind fíkniefni í húsnæðinu sólarhring eftir að ákærði var þar staddur, sbr. mál lögreglu nr. [...]. Eins og áður er rakið liggja frammi í máli þessu gögn úr áðurnefndu máli lögreglu. Meðal annars ljósmynd, tekin í bílskúr lögreglu af efnunum sem fundust í A þann 23. maí 2019. Á ljósmyndinni má sjá tveggja lítra gosflösku sem óumdeilt er að í voru 1.700 millilítrar af kannabisblönduðum vökva. Einnig má þar sjá tvær málningarfötur, aðra litla en hina stóra, rauðleitt vaskafat og bréfpoka með höldum og er óumdeilt að þyngd fíkniefna í þessum ílátum reyndist vera 1,879,61 gramm af kannabisefnum. Vitnið C var inntur eftir því fyrir dómi hvort efni í 10 lítra málningarfötu, bréfpoka og í appelsínugulum dalli hafi verið á heimili hans að kvöldi 22. maí 2019. Kvað vitnið svo hafa

verið og auk þess hafi einnig verið á heimili hans svartur ruslapoki með plöntu í og einhverju drasli. Vitnið B kvaðst, eftir leit í svefnherberginu, hafa séð ákærða og vitnið C ræða saman í stofunni. Hafi ákærði haldið á svörtum ruslapoka og verið að spyrja vitnið C hvar hann hafi fengið þetta. Hafi vitnið C svarað því til að hann hafi fengið þetta hjá vini sínum. Vitnið B kvaðst ekki hafa séð ofan í pokann en kvaðst hafa gert ráð fyrir að ákærði og vitnið C hafi þarna verið að ræða um fíkniefni. Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið C ekki hafa sýnt ákærða ofan í plastpokann. Aðspurt hvort framangreind efni hafi bara legið þarna frammi, svaraði vitnið því játandi en bætti við „*þetta er náttúrulega ekkert augljóst það var mikið drasl þarna inni, ég var ný, og, og, og, þetta lá bara, þetta var ekki falið inn í neinum skápum eða neitt svoliðis eða út í skúr eða neitt, þetta var bara þarna inni.*“ Við leit í húsnæðinu að kvöldi 22. maí 2019 kvaðst vitnið B hafa séð, að hún taldi 10 lítra málningarfötu, á stól fyrir framan skrifborðið, hálf fulla af grófmuldum kannabisafgöngum. Kvaðst vitnið hafa hallað fötunni, litið á ákærða sem hafi kinkað kolli til hennar og hún því gert ráð fyrir að ákærði hefði mótttekið þetta. Kvað vitnið fötuna hafa verið sýnilega, hafi maður á annað borð litið yfir. Kvað vitnið útilokað að fatan hefði farið fram hjá þeim sem leitað hefði í stofunni.

Sérstaklega aðspurður kvaðst ákærði hvorki hafa séð 10 lítra fötu, hálf fulla af kannabislaufum í stofunni né svartan ruslapoka með afskorningum, eins og fram hafi komið í atvikalýsingu vitnisins B og skýrslu hennar hjá lögreglu. Hefði hann séð umrædda fötu hefði hann tekið þau efni. Þá hafnaði ákærði framburði vitnisins B hjá lögreglu og í atvikaskýrslu þess efnis að hann og vitnið C hafi rætt um að afskorningar væru í svörtum plastpoka. Þá kvaðst ákærði hafa spurt vitnið B hvort hún hafi fundið einhver fíkniefni en hún hafi svarað því neitandi. Vitnið B var spurð hvort hún hefði séð fíkniefni í brúnum bréfpoka og rauðleitum dalli eða fati er hún var á vettvangi 22. maí 2019 ásamt ákærða. Kvað vitnið svo ekki hafa verið en tók fram að ílátin hafi blasað við daginn eftir. Nánar aðspurð kvað vitnið ákærða og vitnið C hafa staðið akkúrat þar sem hún og vitnið D hafi fundið umrædd ílát með fíkniefnunum daginn eftir. „*Hvort þeir hafi staðið fyrir þessu og ég ekki séð þetta eða hvað, get ekki svarað fyrir það.*“ Þá kannaðist vitnið Bekki við að ákærði hafi spurt hana á vettvangi hvort hún hafi fundið einhver fíkniefni.

Ákærði og vitnin B lögreglumaður og húsráðandi, vitnið C, eru ein til frásagnar um aðstæður á vettvangi að kvöldi 22. maí 2019. Að mati dómsins var framburður vitnisins C nokkuð óskýr og ruglingslegur varðandi magn og vörslur fíkniefna á heimili hans að kvöldi 22. maí 2019. Í fyrsta lagi er til þess að líta að fyrir dómi kvaðst vitnið hafa fengið kannabisefnin í poka en aldrei hafa vigtað þau. Í skýrslutöku á vettvangi þann 23. maí 2019, þar sem gætt var ákvæða gagnvart ákærða og dómari hefur kynnt sér hljóðupptöku af, kom hins vegar fram að

vitnið hafi upphaflega fengið 30 kg af kannabislaufum og taldi vitnið að hin haldlögðu efni þann 23. maí 2019 væru 10 til 20 kg að þyngd. Samkvæmt efnaskýrslu lögreglu var heildarmagn þeirra fíkniefna sem vitnin D og B lögðu hald á þann 23. maí 2019 hins vegar 575,30 grömm af kannabislaufum, 1.304,31 grömm af maríhúana og 1.700,00 millilítrar af kannabisblönduðum vökva. Í öðru lagi er við mat á framburði vitnisins C til þess að líta að samkvæmt gögnum málsins og framburði ákærða og vitna, sem rakin hafa verið hér að framan, þykir mega á því byggja að mikil óreiða og drasl hafi verið á heimili vitnisins að kvöldi 22. maí 2019 og kann það að hafa haft áhrif á yfirsýn ákærða að þessu leyti. Í þriðja lagi voru svör vitnisins fyrir dómi um staðsetningu ílátá með fíkniefnum að kvöldi 22. maí 2019 nokkuð óljós en vitnið vísaði í framburði sínum fyrir dómi oft til þess að þetta hafi verið þarna allt saman að kvöldi 22. maí 2019. Í fjórða lagi vísast einnig til þess, eins og að framan er rakið, að ílát með fíkniefnum fundust að kvöldi 23. maí 2019 sem vitnið B kvaðst ekki hafa séð er hún var í íbúðinni með ákærða að kvöldi áður, nánar til tekið lítil málningarfata, bréfpoki og rauðleitt vaskafat. Þá fullyrti vitnið C að vitnunum D og B hafi yfirsést svartur ruslapoki með plöntu og einhverju drasli er þau leituðu í íbúð hans að kvöldi 23. maí 2019 og kvað vitnið pokann hafa enn verið í íbúðinni þegar lögregla lagði hald í fíkniefni á heimili hans 29. júní sama ár. Loks verður í þessu sambandi ekki fram hjá því litið að lögregla hafði afskipti af vitninu C í þrígang með stuttu millibili, þar sem meðal annars var framkvæmd leit inn á heimili hans. Er það mat dómsins að framangreindir þættir dragi verulega úr trúverðugleika vitnisins C.

Samkvæmt því sem að framan greinir ber lýsingu ákærða og vitnisins B á innihaldi pottsins á eldavél í húsnæðinu að A þann 22. maí 2019 ekki saman. Hins vegar ber lýsingu vitnisins D á innihaldi pottsins þann 23. maí sama ár saman við framburð ákærða í öllum meginatriðum. Með vísan til framburðar ákærða og vitnisins D er að mati dómsins fram komin lögfull sönnun þess að í margnefndum potti á eldvél hafi að kvöldi 22. maí 2019 verið efni í vökvaformi en ekki mauk eða sjáanlegar kannabisafklippur, eins og vitnið B ber að hafi verið. Þá þykir sannað að um hafi verið að ræða samskonar vökva og lögregla lagði hald á kvöldið eftir þann 23. maí sama ár, þ.e. grænbrúnan ótæran vökva, eins og efnissýni því sem tekið var af hinum haldlagða vökva er lýst í matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eitrefnafræði í máli lögreglu nr. [...]. Einnig þykir hafið yfir skynsamlegan vafa, með vísan til þess sem að framan er rakið um útlit þess vökva sem óumdeilt er að hafi verið í potti á eldavél í umræddu húsnæði og niðurstöðu rannsóknar Rannsóknarstofunnar á umræddu efnissýni, að vökvi sem hafi verið í potti á eldvél í A að kvöldi 22. maí 2019 hafi innihaldið minna en 1 mg/g af tetrahýdrókannabínól og teljist því fíkniefni í skilningi laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974

með síðari breytingum, sbr. 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001 með síðari breytingum.

Eins og áður greinir er ákærða gefið að sök brot í opinberu starfi nánar tiltekið brot gegn 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt lagagreininni skal opinber starfsmaður sem gerist sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Óumdeilt er að ákærði telst opinber starfsmaður í skilningi ákvæðisins.

Samkvæmt 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu. Gerð er sú krafa að komin sé fram í máli nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, um hvert það atriði sem varðar sekt sakbornings.

Ákærði lagði á það áherslu í framburði sínum fyrir dómi að húsráðandi að A hafi ekki átt sögu um fíkniefni hjá lögreglu á umræddum tíma. Þar sem hann hafi hvorki séð önnur efni en í umræddum potti né áhöld til neyslu kvaðst ákærði með vísan til meðalhófsreglunnar ekki hafa séð ástæðu til að snúa húsinu á hvolf. Húsráðandi hafi hins vegar verið kominn „á radar hjá lögreglu“, þ.e. lögregla myndi fylgjast með honum og hafa afskipti af honum í umferðinni þar sem hann væri hættulegur. Í framburði ákærða og vitnisins B kom fram að eftir leit í íbúðinni hafi þau leitað utan dyra og tók ákærði fram að oft á tíðum séu fíkniefni grafin niður í görðum fólks. Einnig hafi þau litið inn í kofa og geymslu og staðfestu bæði ákærði og vitnið Bað utan dyra hafi engin fíkniefni verið að finna.

Eins og rakið hefur verið hér að framan ber ákærða og vitninu B ekki saman um atvik máls eftir að vitnið C heimilaði leit á húsnæðinu að A að kvöldi 22. maí 2019, og ber þar mikið í milli. Við mat á því hvort ákærvaldinu hefur tekist að færa fram lögfulla sönnun þess, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi ekki sinnt skyldum sínum sem lögreglumaður með því að framkvæma frekari leit að ávana- og fíkniefnum í húsnæðinu að A, er til eftirfarandi atriða að líta. Í fyrsta lagi að mikið drasl og óreiða var í húsnæðinu að A að kvöldi 22. maí 2019, eins og fjallað hefur verið um hér að framan. Þá má ætla að aðstæður í húsnæðinu umrætt sinn hafi getað torveldað leit. Í öðru lagi liggur fyrir að við leit lögreglu í húsnæðinu að kvöldi 23. maí 2019, daginn eftir atvik þau sem ákæra í máli þessu tekur til, fundust fíkniefni í ílátum sem vitnið B kvaðst ekki hafa séð kvöldið áður. Er því uppi vafi í máli þessu um það hvort fíkniefni hafi komið inn í umrætt húsnæði á þeim sólarhring sem leið milli leitar ákærða og leitar sem vitnið og varðstjórinn D stýrði kvöldið eftir. Í öðru lagi kvaðst vitnið B ekki hafa gert leit að svörtum plastpoka er hún leitaði í húsnæðinu þann 23. maí 2019 ásamt vitninu D. Nánar aðspurð kvaðst vitnið hafa talið að fíkniefnin í bréfpokanum og

rauðleita vaskafatinu hafi kvöldið áður verið í margnefnda svarta plastpokanum. Hins vegar verður sakfelling í máli þessu verður ekki byggð getgátum vitnisins að þessu leyti. Í þriðja lagi þykir sú staðreynd að ákærði, sem vitnið B bar fyrir dómi að hafi stjórnað aðgerðum á vettvangi, gerði sérstaka leit í garði við húsið og útigeymslum, benda til þess að ákærði hafi tekið skyldur sínar sem lögreglumaður við leit að fíkniefnum alvarlega.

Að öllu framansögðu virtu, þykir gegn neitun ákærða, ákærvaldinu hvorki hafa tekist að færa fram lögfulla sönnun þess að ákærði hafi ekki sinnt skyldum sínum sem lögreglumaður til að framkvæma frekari leit að ávana- og fíkniefnum í umræddu húsnæði, né að þau fíkniefni sem lögregla lagði hald á í húsnæðinu þann 23. júní 2019 hafi verið þar til staðar sólarhring áður. Verður ákærði því sýknaður af framangreindum þætti ákæru.

Við mat á því hvort ákærvaldinu hefur tekist að færa fram lögfulla sönnun þess að ákærði hafi við leit í húsnæði að A að kvöldi 22. maí 2019, ekki sinnt skyldum sínum sem lögreglumaður og látið hjá líða að leggja halda á kannabisblandaðan vökva sem hafi verið í potti á eldvél í húsnæðinu, er til eftirfarandi atriða að líta. Í ákæru er á því byggt að magn þess vökva sem hafi verið í pottinum á eldvél að A að kvöldi miðvikudagsins 22. maí 2019 hafi verið 1.700 millilítra af kannabisblönduðum vökva. Óumdeilt er að 23. maí 2019 lagði lögregla hald á sama magn af kannabisblönduðum vökva, sbr. mál lögreglu nr. [...]. Nánar tiltekið lagði lögregla þá hald á ætluð fíkniefni sem voru annars vegar í potti sem var á eldvél á heimili vitnisins C hins vegar vökva sem var í hvítu eldföstu móti við hlið pottsins á eldavélinni og vísast í því sambandi til gagna málsins er varða mál lögreglu nr. [...] og framburðar vitnisins D varðstjóra fyrir dómi sem rakin hefur verið hér að framan. Þá hefur vitnið B staðfest fyrir dómi að um hafi verið að ræða sama pott og verið hafi á eldavélinni kvöldið áður þegar hún og ákærði voru í húsnæðinu. Umræddan pott og hið eldfasta mót má sjá á mynd sem lögregla tók af vettvangi að kvöldi 23. maí 2019. Engin rannsókn fór fram á áðurnefndum potti. Liggur því ekki fyrir í máli þessu hve mikið magn af vökva umræddur pottur tók. Vitnið D upplýsti að vitnið og húsráðandi, C, hafi séð um að hella bæði innihaldi pottsins og eldfasta mótsins í tveggja lítra plastflösku. Hins vegar liggur ekki fyrir hversu mikið magn af kannabisblönduðum vökva hafi þá verið í framangreindum ílátum.

Ákærði hefur frá upphafi rannsóknar máls þessa viðurkennt að hafa vitað af því að vitnið C hafi verið að sjóða afgangs kannabiskurl og mulning í litlum potti á eldavél á heimili vitnisins að kvöldi 22. maí 2019. Hins vegar hefur ákærði neitað því staðfastlega frá upphafi rannsóknar málsins að magn þess vökva sem verið hafi í pottinum að kvöldi 22. maí 2019 hafi verið eins og í ákæru greinir, þ.e. 1.700 millilítrar. Þá kvaðst ákærði ekki hafa séð ástæðu til að leggja

hald á það sem í pottinum hafi verið og vísaði til þess að við suðu kannabisefna verði þau ónýtt auk þess sem um hafi verið að ræða óverulegt magn.

Eins og áður er rakið hefur dómurinn fallist á það með ákærvaldinu að í umræddum potti hafi að kvöldi 22. maí 2019 verið kannabisblandaður vökvi sem teljist vera fíkniefni í skilningi laga. Hins vegar hefur ákærvaldið að mati dómsins, með vísan til þess sem að framan er rakið, ekki fært fram sönnun þess, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, að í umræddum potti á eldvél í húsnæðinu að A að kvöldi 22. maí 2019 hafi verið 1.700 millilítrar af kannabisblönduðum vökva, þ.e. sama magn og lögregla lagði halda á við leit í húsnæðinu sólarhring síðar. Af þeim sökum verður framburður ákærða um magn vökvans í pottinum lagður til grundvallar í máli þessu en eins og áður greinir áætlaði ákærði að í pottinum hafi verið 3-500 millilítrar af vökva. Að mati dómsins var því um að ræða lítið magn fíkniefna. Sú háttsemi ákærða að hafa ekki lagt hald á umrædd fíkniefni getur að mati dómsins ekki talist stórfelld vanræksla eða hirðuleysi og ekkert hefur komið fram í máli þessu um að ákærði hafi áður gerst sekur um slíka háttsemi í starfi sínu sem lögreglumaður. Að framangreindu virtu og þar sem orðalag 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 bendir til þess að aðeins sé rétt að beita því ákvæði almennra hegningarlaga í mjög grófum eða ítrekuðum tilvikum um vanrækslu eða hirðuleysi í starfi, verður ákærði einnig sýknaður af þessum þætti ákæru.

Ákærði er því sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður

Með vísan til 2. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 skal allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til Kristjáns Thorlacius lögmanns sem gætti hagsmuna ákærða vegna rannsóknar héraðssaksóknara í máli þessu, sem þykja hæfilega ákveðin 166.315 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þormóðs Skorra Steingrímssonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 802.900 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 36.630 króna ferðakostnaður verjanda.

Ragnheiður Thorlacius héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, er sýkn af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun Kristjáns Thorlacius lögmanns, 166.315 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þormóðs Skorra Steingrímssonar lögmanns, 802.900 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 36.630 króna ferðakostnaður verjanda.

Ragnheiður Thorlacius